

## 5. fundur í stjórn Alnæmisbarna, 15. október 2004

Haldinn 15. október 2004. Mætt: Erla Halldórsdóttir (EH), María Jóna Gunnarsdóttir (MJG), Þórunn Sveinbjarnardóttir (ÞSv) og Bjarni Reyr Kristjánsson (BRK) sem ritaði fundargerð. Fjarverandi var Helga Tulinius.

### Lógó fyrir Alnæmisbörn

Fram kom að Brynja Jónsdóttir hjá ÍSOR og samstarfsmaður Erlu og Bjarna hefur nokkra reynslu í hönnun. Samþykkt að fela BRK að tala við Brynju og koma með tillögu að lógói.

### Úthendi

Þórunn sýndi tillögu að úthendi (kynningarbæklingi) fyrir Alnæmisbörn. Tillaga Þórunnar var samþykkt.

### Heimasíða

Samþykkt að slóðinn verði hiv-born.is. BRK mun ásamt Gunnari Sturlu Ágústusyni hafa umsjón með gerð hennar.

### Alnæmislyf

Erla sækir um að fá að nota þann pening sem þegar hefur safnast til að kaupa alnæmislyf og var það samþykkt.

### Félagsfundur

Það er vilji stjórnar að halda opinn félagsfund í haust til að vekja athygli á félaginu. Hugmyndin er að fá gestafyrirlesara á fundinn. EH tekur að sér að tala við alnæmisfélagið varðandi gestafyrirlesara og ef til vill einhverja fleiri.

### Ugandaferð

Erla mun fara til Uganda í lok nóvember og er allt tilbúið fyrir ferðina.

Lyfjafyrirtæki

Ákveðið var að undirbúa heimsóknir til lyfjafyrirtækja og kynna þeim verkefnið í von um að fá aðstoð þeirra við rekstur á CLF.

Næsti fundur verður á þriðjudaginn í næstu viku.

Ritari: BRK